

AUGLÝSING

um samkomulag milli Ferðamálaráðs Kína og utanríkisráðuneytis Íslands um vegabréfsáritanir og tengd málefni er varða ferðamannahópa frá Kína.

Samkomulag milli Ferðamálaráðs alþýðulýðveldisins Kína og utanríkisráðuneytis lýðveldisins Íslands um vegabréfsáritanir og tengd málefni er varða ferðamannahópa frá alþýðulýðveldinu Kína, sem gert var í Peking 12. apríl 2004, öðlaðist gildi 1. júní 2004.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. júní 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Ferðamálaráðs alþýðulýðveldisins Kína
og utanríkisráðuneytis lýðveldisins Íslands
um vegabréfsáritanir
og tengd málefni er
varða ferðamannahópa
frá alþýðulýðveldinu Kína.
(ADS)

FERÐAMÁLARÁÐ ALÞÝÐULÝÐVELDIS-
INS KÍNA

og

UTANRÍKISRÁÐUNEYTI LÝÐVELDISINS
ÍSLANDS,

hér á eftir nefnd „aðilar“,

sem *óska þess* að greiða fyrir skipulögðum hóp-
ferðum frá alþýðulýðveldinu Kína til Íslands,

sem *gera sér grein fyrir* að slíkar ferðir krefjast
þess að fjallað verði um vegabréfsáritanir og mál-
efni þeim tengd,

sem *telja* að slíkar ferðir muni stuðla að eflingu
ferðageirans bæði í Kína og á Íslandi,

sem *ásetja sér* að tryggja að ákvæðum samkomu-
lags þessa verði í einu og öllu beitt í samræmi við
gildandi kínverskar reglur og reglukerfi innri
markaðar Evrópska efnahagssvæðisins og íslensk
lög,

sem *hafa í huga* nán tengsl Íslands við Evrópu-
sambandið og Noreg, með tilliti til Schengen-
samkomulagsins frá 1999, sem kalla á samvinnu
og samræmdar reglur um komu inn á Schengen-
svæðið og brottför frá því,

HAVA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

I. hluti: Efni og skilgreiningar.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samkomulagi þessa hafa eftirfarandi hugtök
þá merkingu sem hér greinir:

- a) „kínverskur ríkisborgari“ merkir sérhvern
þann sem hefur vegabréf sem alþýðulýð-
veldið Kína gefur út;
- b) „tilnefnd kínversk ferðaskrifstofa“ merkir
hverja þá ferðaskrifstofu sem Ferðamálaráð

MEMORANDUM OF UNDERSTANDING
between the National Tourism Admini-
stration of the People's Republic of China,
and the Ministry for Foreign Affairs and
External Trade of the Republic of Iceland on
Visa and Related Issues concerning Tourist
Groups from the People's Republic of China
(ADS)

THE NATIONAL TOURISM ADMINISTRA-
TION OF THE PEOPLE'S REPUBLIC OF
CHINA

and

THE MINISTRY FOR FOREIGN AFFAIRS
AND EXTERNAL TRADE OF THE REPUB-
LIC OF ICELAND,

Hereinafter referred to as “the Parties”

Desiring to facilitate organised group travel from
the People's Republic of China to Iceland;

Conscious that such travel will require matters of
visa and related issues to be addressed;

Considering that such travel will contribute to
strengthening the tourism sectors in both China
and Iceland;

Determined to ensure that this Memorandum of
Understanding will be applied in strict confor-
mity with the applicable Chinese regulations and
the internal market disciplines of the European
Economic Area and Icelandic law;

Considering Iceland's close relationship with the
European Union and Norway, in regard to the
Schengen Agreement from 1999, which calls for
co-operation and harmonised rules regarding
entry into and exit from the Schengen Area;

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Section I: Subject and Definitions

Article 1

Definitions

For the purpose of this Memorandum of
Understanding:

- (a) “Chinese Citizen” shall mean any person
who holds the passport of the People's
Republic of China.
- (b) “Chinese designated travel agency” shall
mean any travel agency selected and desig-

alþýðulýðveldisins Kína (CNTA) velur og tilnefnir;

- c) „tilnefnd sendiráð og ræðisstofur“ merkir sendiráð og ræðisstofur Íslands í Kína eða þau sendiráð eða ræðisstofur aðildarríkis Evrópusambandsins eða aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem Ísland hefur falið, með tvíhliða samkomulagi, að veita Schengen-vegabréfsáritanir fyrir hönd Íslands í Kína;
- d) „sendiboði“ merkir þann sem er heimilt að leggja inn umsókn um vegabréfsáritanir fyrir hóp ferðamanna hjá tilnefndum sendiráðum eða ræðisstofum í Kína í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. samkomulags þessa;
- e) „Schengen-vegabréfsáritun“ merkir þá samræmdu vegabréfsáritun sem mælt er fyrir um í 10. gr. Schengen-samningsins.¹

2. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Samkomulag þetta gildir um ferðir hópa kínverskra ríkisborgara sem ferðast á eigin kostnað frá Kína til Íslands. Ísland skal, að því er slíkar ferðir varðar, hafa stöðu samþykks ákvörðunarstaðar (ADS).

Fyrirnefndar ferðir verða skipulagðar í samræmi við ákvæði og kröfur sem sett eru fram í samkomulagi þessu.

3. gr.

Ferðamannahópar.

Einstaklingar, sem mynda hópa kínverska ferðamanna, skulu koma til Íslands og yfirgefa landið sem hópur. Þeir skulu ferðast á Íslandi sem hópur samkvæmt ákveðinni ferðaáætlun. Einstaklingar, sem mynda hóp ferðamanna, skulu ekki vera færri en fimm.

II. hluti: Málsmeðferð vegna vegabréfsáritana og endurviðtaka.

4. gr.

Málsmeðferð vegna vegabréfsáritana.

4.1. Tilnefndar kínverskar ferðaskrifstofur.

- a) Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína tilnefnir ferðaskrifstofur í Kína (hér á eftir nefndar „tilnefndar kínverskar

nated by the National Tourism Administration of the People's Republic of China (CNTA).

- (c) “Designated embassies and consular offices” shall mean the Embassy of Iceland and consular offices of Iceland in China or the embassies or consular offices of a Member State of the European Union or a State Party to the Agreement on the European Economic Area which Iceland has entrusted bilaterally to grant Schengen Visa on behalf of Iceland in China.
- (d) “Courier” shall mean the person entitled to submit visa applications for a tourist group to the designated embassies or consular offices in China according to the procedure established in Article 4, paragraph 2, of this Memorandum of Understanding.
- (e) “Schengen Visa” is the uniform visa laid down in Article 10 of the Schengen Convention.

Article 2

Purpose and Scope of Application

This Memorandum of Understanding shall apply to the travel by tourist groups of Chinese citizens at their own expense from China to Iceland. For this purpose, Iceland shall enjoy the status of an approved destination (ADS).

Such travel will be organised in accordance with the provisions and requirements set out in this Memorandum of Understanding.

Article 3

Tourist Groups

Participants in Chinese tourist groups shall enter and leave Iceland as a group. They shall travel within Iceland as a group according to the established travel programme. The number of participants in a tourist group should be no less than five.

Section II: Visa Procedure and Readmission

Article 4

Visa Procedure

4.1. Chinese Designated Travel Agencies

- (a) The CNTA shall designate travel agencies in China (hereinafter referred to as “Chinese designated travel agencies”)

¹ Samningur um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, Stjtíð. EB L 239, 22.9.2000, bls. 1.

ferðaskrifstofur“) sem það hefur heimilað að standa fyrir utanferðum kínverskra ríkisborgara til Íslands. Tilnefnd sendiráð eða ræðisstofur í Kína skulu veita hinum tilnefndu ferðaskrifstofum umboð til þess að koma fram sem viðurkenndir fulltrúar umsækjenda um vegabréfsáritun. Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína mun greina tilnefndum sendiráðum eða ræðisstofum frá skránni yfir tilnefndar kínverskar ferðaskrifstofur, meðal annars frá heimilisföngum þeirra, símanúmerum, bréfasímanúmerum, tölvupóstföngum og tengiliðum.

- b) Brjótí tilnefnd kínversk ferðaskrifstofa kínversk og/eða íslensk lög og reglur, þá er hún stendur fyrir utanferðum kínverskra ríkisborgara, verður gripið til viðeigandi ráðstafana gegn slíkri ferðaskrifstofu í samræmi við gildandi lög. Slíkar ráðstafanir felast meðal annars í því, þar sem það á við, að Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína dregur til baka tilnefningu hlutaðeigandi ferðaskrifstofu eða að umboð hennar, sem tilnefnd sendiráð eða ræðisstofur í Kína hafa veitt, verða afturkölluð.

4.2. Sendiboðar.

- a) Hverri tilnefndri kínverskri ferðaskrifstofu er heimilt að tiltaka allt að tvo einstaklinga sem koma fram fyrir hennar hönd og hennar vegna sem sendiboðar þegar nauðsynlegur undirbúningur fer fram í tengslum við umsóknir um vegabréfsáritanir fyrir hópa kínverska ferðamanna sem óska að sækja Ísland heim. Sendiboðarnir hafa heimild til að leggja fram umsóknir um vegabréfsáritanir fyrir slíka hópa hjá tilnefndum sendiráðum eða ræðisstofum í Kína.
- b) Sendiboðum skal veitt heimild til að koma í tilnefnd sendiráð eða ræðisstofur með merki, sem Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína gefur út, og einkennismerki með ljósmynd og vottorð, sem tilnefndu sendiráðin eða ræðisstofurnar gefa út, og skal Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína veita fyrirnefndum sendiráðum eða ræðisstofum viðeigandi upplýsingar um þá einstaklinga sem koma fram sem sendiboðar hvernar ferðaskrifstofu. Í vottorðinu skal tilgreina að minnsta kosti nafn og heimil-

which it has authorised to operate outbound travel of Chinese citizens to Iceland. The designated embassies or consular offices in China shall accredit these designated travel agencies to act as authorised representatives of the visa applicants. The CNTA will notify to the designated embassies or consular offices the list of the Chinese designated travel agencies, including their addresses, telephone numbers, fax numbers, e-mail addresses and contact persons.

- (b) In case of any violation of Chinese and/or Icelandic law and regulations by a Chinese designated travel agency in operating the outbound travel of the Chinese citizens, appropriate measures against such agency in accordance with the legislation in force will be taken. This includes, where appropriate, the withdrawal of the travel agency's designation by CNTA, or of its accreditation with the designated embassies or consular offices in China.

4.2. Couriers

- (a) Each Chinese designated travel agency may appoint up to two persons to act on its behalf and account as couriers in the necessary visa application process for Chinese tourist groups wishing to visit Iceland. The couriers are entitled to submit visa applications for such groups to the designated embassies or consular offices in China.
- (b) The Couriers shall be authorised to enter the designated embassies or consular offices with a badge issued by CNTA and a photo identity badge and certificate issued by the designated embassies or consular offices, to which the CNTA shall give relevant details of the persons acting as couriers of each travel agency. The certificate will contain at least the name and address of the travel agency and the name of the person acting as courier.

isfang viðkomandi ferðaskrifstofu og nafn þess einstaklings sem kemur fram sem sendiboði.

- c) Ef tilnefnd ferðaskrifstofa fer ekki lengur með umboð frá tilnefndu sendiráði eða ræðisstofu í Kína ber hlutaðeigandi ferðaskrifstofu að skila viðkomandi tilnefndu sendiráði eða ræðisstofu merkjunum og vottorðunum sem síðan skal ógilda. Enn fremur ber tilnefndri ferðaskrifstofu að skila viðkomandi tilnefndu sendiráði eða ræðisstofu merkjunum og vottorðunum gegni þeir einstaklingar, sem komu fram sem sendiboðar hennar, ekki lengur því hlutverki hjá viðkomandi ferðaskrifstofu.

4.3. Umsóknir um vegabréfsáritun.

- a) Jafnhliða því að kínversk ferðaskrifstofa, sem hefur umboð frá tilnefndu sendiráði eða ræðisstofu í Kína, leggur fram umsóknir um vegabréfsáritanir fyrir hóp viðskiptamanna sinna skal hún láta í té eftirtalin skjöl: Orðsendingu, undirritaða af fulltrúa fyrrnefndrar ferðaskrifstofu, með upplýsingum um hina skipulögðu ferð, greiðslu ferðakostnaðar, fullnægjandi tryggingar, nöfn þátttakenda í ferðinni ásamt vegabréfi hvers þátttakanda og rétt útfylltum umsóknareyðublöðum sem hver ferðamaður undirritar. Tilnefndu sendiráðin eða ræðisstofurnar geta, ef nauðsyn krefur, beðið um önnur skjöl og/eða upplýsingar.
- b) Umsóknir um vegabréfsáritun fá meðferð samkvæmt gildandi lögum. Fyrirsjáanlegt er að tilnefndu sendiráðin eða ræðisstofurnar kunni, þegar umsóknir eru til meðferðar, að ræða við umsækjendur augliti til auglitis eða í síma. Meginreglan er sú að tilnefndu sendiráðin og ræðisstofurnar veiti vegabréfsáritanir ef Ísland er fyrsti komustaður á Schengen-svæðinu.
- c) Sú vegabréfsáritun, sem tilnefndu sendiráðin eða ræðisstofurnar munu gefa út, verður Schengen-vegabréfsáritun sem gildir í að minnsta kosti þrjátíu daga og gefin er út samkvæmt gildandi lögum. Hún skal vera einstaklingsbundin Schengen-vegabréfsáritun og bera tilvísunina „ADS“.
- d) Samþykki tilnefndu sendiráðin eða ræð-

- (c) In case a designated travel agency is no longer accredited with the designated embassies or consular offices in China, the travel agency concerned is obliged to return the badges and certificates to the relevant designated embassy or consular office for their subsequent invalidation. Furthermore, an accredited travel agency has the obligation to return the badges and certificates to the relevant designated embassy or consular office if the persons who were acting as its couriers are no longer employed in that capacity with that agency.

4.3. Visa Applications

- (a) When lodging visa applications for a group of clients of an accredited Chinese travel agency with the designated embassies or consular offices in China, the travel agency shall also submit the following documents: A communication signed by the representative of the said travel agency with information on the planned trip, payment of travel costs, adequate insurance, the names of the tour participants, together with each participant's passport and duly completed application forms signed by each traveller. Where necessary, further documents and/or information may be requested by the designated embassies or consular offices.
- (b) The visa applications will be processed according to applicable legislation. In this process, the designated embassies or consular offices may foresee personal or telephone interviews with applicants. Visas shall in principle be granted by the designated embassies and consular offices if Iceland is the point of first entry into the Schengen Area.
- (c) The visa to be issued by the designated embassies or consular offices will be a Schengen visa, limited to a maximum of thirty days, issued in conformity with applicable legislation. It shall be an individual Schengen visa carrying the reference "ADS".
- (d) If the designated embassies or consular

isstofurnar umsóknir um vegabréfsáritanir frá ferðaskrifstofum, öðrum félögum eða einstaklingum, sem eru ekki ferðaskrifstofur sem Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína hefur tilnefnt, skal firra Ferðamálaráð alþýðulýðveldisins Kína allri ábyrgð komi upp erfiðleikar í fyrirhugaðri ferð á Íslandi.

5. gr.

Ólögleg dvöl fram yfir tilætlaðan tíma og endurviðtaka.

1. Tilnefndum kínverskum ferðaskrifstofum og íslenskum samstarfsferðaskrifstofum ber skilyrðislaust að tilkynna yfirvöldum hvorra um sig, Ferðamálaráði alþýðulýðveldisins Kína og Útlendingastofnun, án tafar um sérhvern ADS-ferðamann sem er saknað úr hópi og um sérhvern ADS-ferðamann sem hefur ekki snúið aftur til Kína.
2. Ef um ólöglega dvöl ADS-ferðamanns fram yfir tilætlaðan tíma er að ræða skulu viðkomandi ferðaskrifstofur aðila hefja samstarf við lögbær yfirvöld aðila sem miðar að því að greiða fyrir endursendingu og móttöku ferðamannsins sem stjórnvöld í alþýðulýðveldinu Kína skulu taka við aftur. Afla ber skjalfestra sönnunargagna því til staðfestingar að ferðamaðurinn sé kínverskur ríkisborgari í því augnamiði að endurviðtaka geti farið fram. Viðkomandi ferðamaður skal greiða flugfargjaldið. Hafi ferðamaðurinn ekki efni á því verður viðkomandi lögbært yfirvald á Íslandi að greiða kostnað í tengslum við heimsendingu hans og mun að því loknu fara þess á leit við þá tilnefndu kínversku ferðaskrifstofu, er málið varðar, að hún endurgreiði flugfargjaldið gegn kvittun. Ef svo ber undir skal hlutaðeigandi kínversk ferðaskrifstofa endurgreiða viðkomandi lögbæru yfirvaldi á Íslandi flugfargjaldið innan 30 daga frá endurviðtöku ferðamannsins og endurheimta kostnaðinn úr hendi hans.

6. gr.

Upplýsingaskipti.

Aðilar skulu, í því skyni að tryggja trausta framkvæmd samkomulags þessa, skiptast á upplýsingum og gögnum tímanlega og eiga náð samstarf sín á milli. Fulltrúar aðila skulu efna til fundar, er nauðsyn krefur, fari annar aðilinn fram á það.

offices approve visa applications from travel agencies, other organisations or individuals that are not designated travel agencies by the CNTA, the CNTA shall not be responsible for any problems arising during the subsequent trip in Iceland.

Article 5

Illegal Overstay and Readmission

1. Chinese designated travel agencies and the participating Icelandic travel agencies are required to report, without delay, to their respective authorities, the CNTA and the Directorate of Immigration of Iceland, any ADS tourist missing from a group as well as any ADS tourist not having returned to China.
2. In case of any illegal overstay of any ADS tourist, the relevant travel agencies of the Parties shall work immediately with the competent authorities of the Parties to help sending back and receiving the tourist, who shall be readmitted by the Government of the People's Republic of China. Documentary evidence shall be provided to prove his or her identity as a Chinese citizen for the purpose of readmission. The airfare shall be borne by the tourist. If the tourist cannot afford it, the costs associated with his or her repatriation have to be borne by the competent authority of Iceland concerned, which will then ask the relevant Chinese designated travel agency to pay back the airfare by receipt. In this case, the related Chinese travel agency shall repay the airfare cost to the competent authority of Iceland within 30 days after the readmission of the tourist and recover the costs from the tourist.

Article 6

Information Exchange

In order to ensure the sound operation of this Memorandum of Understanding, the Parties shall exchange information and data in good time, and work closely together. The representatives of the Parties shall meet when necessary at the request of one of the Parties.

III. hluti: Lokaákvæði.

7. gr.

Gildistaka, gildistími, uppsögn og breytingar.

1. Samkomulag þetta er með fyrirvara um staðfestingu aðilanna í samræmi við lögformlega innlenda meðferð hvors um sig.
2. Samkomulag þetta öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir þann dag er aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum um að meðferð þeirri, sem um getur í 1. mgr., sé lokið. Sameiginlega yfirlýsingin, sem fylgir með í viðauka við samkomulag þetta, er óaðskiljanlegur hluti þess.
3. Samkomulag þetta skal gilda um ótiltekinn tíma nema því sé sagt upp í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar.
4. Hvorum aðila um sig er heimilt að segja samkomulagi þessu upp með skriflegri tilkynningu til gagnaðilans. Samkomulag þetta skal úr gildi falla eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá dagsetningu fyrrnefndrar tilkynningar.
5. Gera má breytingar á samkomulagi þessu með skriflegum samningi milli aðilanna. Breytingar öðlast gildi eftir að aðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum um að lögformlegri innlendra meðferð þeirra í þessu skyni sé lokið.
6. Samkomulag þetta er lagalega bindandi fyrir báða aðila.

GJÖRT í Peking hinn 12. apríl 2004 í tveimur eintökum á íslensku, kínversku og ensku og eru allir þessir textar jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd
utanríkisráðuneytis
lýðveldisins Íslands

Eiður Guðnason

Fyrir hönd
Ferðamálaráðs
alþýðulýðveldisins
Kína

He Guangwei

Section III: Final Provisions

Article 7

Entry into Force, Duration, Termination and Amendments

1. This Memorandum of Understanding shall be subject to acceptance by the Parties in accordance with their respective internal procedures.
2. This Memorandum of Understanding shall enter into force on the first day of the first month after the date on which the Parties have notified each other that the procedures referred to in paragraph 1 have been completed. The Joint Declaration annexed to this Memorandum of Understanding forms an integral part thereof.
3. This Memorandum of Understanding shall remain in force indefinitely, unless terminated in accordance with paragraph 4 of this Article.
4. Each Party may terminate this Memorandum of Understanding by giving written notice to the other Party. This Memorandum of Understanding shall cease to apply three months after the date of such notification.
5. This Memorandum of Understanding may be amended by written agreement of the Parties. Amendments shall enter into force after the Parties have notified each other of the completion of their internal procedures necessary for this purpose.
6. This Memorandum of Understanding shall be legally binding on the two Parties.

Done at Beijing on the 12th day of April in the year 2004, in duplicate in the Chinese, Icelandic and English languages, each of these texts being equally authentic. If discrepancies should arise, the English text shall prevail.

For the Ministry
for Foreign Affairs
and External Trade
of the Republic
of Iceland

Eiður Guðnason

For the National
Tourism
Administration
of the People's
Republic of China

He Guangwei

VIÐAUKI

Sameiginleg yfirlýsing um ráðstafanir
á sviði framkvæmdar.

1. Ferðaskrifstofur.

Utanríkisráðuneyti Íslands skal láta Ferðamálaráði alþýðulýðveldisins Kína í té skrá yfir viðkomandi ferðaskrifstofur á Íslandi með heimilisföngum þeirra, símanúmerum, bréfasímanúmerum, tölvupóstföngum og tengiliðum. Uppfæra ber skrár þessar reglulega og senda Ferðamálaráði alþýðulýðveldisins Kína.

Aðilarnir eru ennfremur sammála um að ferðaskrifstofum beggja beri réttur til að kjósa sér sína eigin samstarfsaðila í viðskiptum frá gagnaðilanum og gera samninga við þá. Fyrirnefndar ferðaskrifstofur bera ábyrgð á öllum viðskiptasamningum sem gilda um viðkomandi ferð, t.d. ferðaáætlunum, kostnaði, þjónustu og greiðslum samkvæmt þeim ferðasamningi sem þær hafa gert við viðkomandi samstarfsaðila.

2. Tilnefnd sendiráð og ræðisstofur.

Íslensk stjórnvöld munu tilnefna sitt eigið sendiráð og ræðisstofur í Kína eða sendiráð eða ræðisstofur aðildarríkis Evrópusambandsins eða aðildarríkis að samningnum um hið evrópska efnahagssvæði í Kína sem er veitt umboð til þess að taka við umsóknum um Schengen-vegabréfsáritanir og veita þær fyrir Íslands hönd. Íslensk stjórnvöld munu tilkynna kínverskum yfirvöldum um fyrirnefnda tilnefningu og sérhverja breytingu á henni eftir diplómátskum leiðum.

3. Réttindi kínverskra ferðamanna vernduð.

Lögmæt réttindi og hagsmunir kínverskra ríkisborgara, sem ferðast til Íslands í hópum, skulu njóta verndar samkvæmt íslenskum og kínverskum lögum og reglum sem um þau fjalla. Sé um brot að ræða skal beita lögum þessum og reglum gagnvart hlutaðeigandi ferðaskrifstofum.

Íslensk stjórnvöld munu hvetja íslenska þjónustuveitendur á sviði ferðamála til þess að koma á beinu símasambandi fyrir ráðaleitun og aðstoð við kínverska ferðamenn í neyðartilfellum.

4. Fararstjórar og leiðsögumenn.

Aðilarnir eru sammála um að tilnefndar kínverskar ferðaskrifstofur skuli skipa fararstjóra fyrir hvern hóp.

ANNEX

Joint Declaration on Implementation
Arrangements

1. Travel Agencies

The Ministry for Foreign Affairs and External Trade of Iceland shall furnish to CNTA a list of the travel agencies in Iceland including their addresses, telephone numbers, fax numbers, e-mail addresses and contact persons. These lists should be updated regularly and transmitted to CNTA.

The Parties furthermore understand that both Parties' travel agencies shall be entitled to select their own business partners from the other Party and conclude contracts with them. The said travel agencies are responsible for all business arrangements covering the tour in question such as the tour programmes, costs, services, and payments in the tour contract with their respective business partners.

2. Designated embassies and consular offices

Iceland will designate its own Embassy and consular offices in China or the embassies or consular offices of a Member State of the European Union or of a State Party to the Agreement on the European Economic Area in China which are authorised to receive applications for and grant Schengen Visa on behalf of Iceland. Iceland will notify the Chinese authorities through diplomatic channels of this designation and any amendments thereto.

3. Protection of Chinese tourist rights

The legitimate rights and interests of Chinese citizens travelling to Iceland in tourist groups shall be protected by the pertinent laws and regulations of Iceland and China. In case of violation, those laws and regulations shall be applied to the relevant agencies.

Iceland will encourage its tourism service providers to set up hotlines for consultation and emergency assistance to Chinese tourists.

4. Tour Leaders and Tour Guides

The Parties agree that Chinese designated travel agencies shall appoint a tour leader for each group.

Fararstjórinn skal tryggja að hópar kínverskra ferðamanna, sem ferðast til Íslands í samræmi við samkomulag þetta, komi til Íslands og yfirgefi það sem hópur. Gerð er sú krafa að fararstjóri hafi meðferðis eintök af öllum farmiðum og öll vegabréf frá upphafi til loka ferðar.

Aðilarnir hafa í huga að auk fararstjórans, sem kínversku ferðaskrifstofunum er skylt að útvega, er íslenskum ferðaskrifstofum heimilt að útvega leiðsögumenn fyrir hvern kínverskan ferðamannahóp meðan á dvöl hans á Íslandi stendur. Leiðsögumennirnir mega fylgja hópnum frá komi hans til Íslands þar til hann yfirgefur landið, með þeim skilyrðum sem gildandi íslensk lög mæla fyrir um, og skulu þeir leitast við að leysa hvert það vandamál, sem upp kann að koma, í samráði við kínverska fararstjóran.

5. Kröfur um upplýsingaveitu.

Utanríkisráðuneyti Íslands hvetur íslenska þjónustuveitendur á sviði ferðamála til þess að gera tilnefndum kínverskum ferðaskrifstofum kleift að nálgast viðeigandi upplýsingar, einkum um tækifæri sem í boði eru til að ferðast til Íslands og innan landsins, um mikilvæga ferðaþjónustu, sem kínverskum ferðalöngum stendur til boða, og um verð slíkrar þjónustu, og upplýsingar sem er ætlað að stuðla að vernd lögmætra réttinda ferðalanganna.

6. Skjalfest sönnunargögn.

Aðilarnir eru sammála um að með skjalfestum sönnunargögnum, sem um getur í 2. mgr. 5. gr. samkomulags þessa, sé meðal annars átt við vegabréf, umsóknir um vegabréfsáritanir, íslenskar skýrslur um eftirlit með innflutningi fólks, skjöl ferðaskrifstofa eða ljósrit af þeim.

The tour leader shall ensure that Chinese tourist groups travelling to Iceland in accordance with this Memorandum of Understanding enter and leave Iceland as a group. The tour leader will be required to carry copies of all tickets and passports throughout the trip.

The Parties take note that, in addition to the obligatory tour leader provided by the Chinese travel agencies, Icelandic travel agencies may provide tour guides for each Chinese tourist group for the duration of their stay in Iceland. These tour guides may accompany the group from the time it enters to the time it leaves Iceland, on the conditions provided by the law applicable in Iceland, and shall endeavour to solve any problems that may arise in consultation with the Chinese tour leader.

5. Information Requirements

The Ministry for Foreign Affairs and External Trade of Iceland encourages Icelandic tourism service providers to make relevant information available to the Chinese designated travel agencies, in particular regarding travel possibilities to and within Iceland, important travel services for Chinese travellers and their prices and information which serves to protect the travellers' legitimate rights.

6. Documentary Evidence

The Parties agree that documentary evidence referred to in Article 5, paragraph 2, of this Memorandum of Understanding, shall include passports, visa applications, Icelandic immigration control records, travel agency documents, or photocopies thereof.